

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 1106/2020, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „9. desember 2020“ í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 31. desember 2020.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a. Orðin „þó er starfsönnum heimilt að fara milli hópa“ fellur brott í 4. málsl. 1. mgr.
- b. 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.
- c. Orðin „blöndun hópa“ falla brott í 7. málsl. 1. gr.
- d. Orðin „þó að hámarki 50 börn saman“ í 6. mgr. falla brott.
- e. 2. málsl. 6. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- a. Orðin „og nemendur í 8.–10. bekk“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „1.–7. bekk“ í 2. mgr. kemur: 1.–10. bekk.
- c. 1. málsl. 3. mgr. fellur brott og 2. málsl. 3. mgr. verður 3. málsl. 2. mgr.
- d. Orðin „nemendur í 8.–10. bekk og“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
- e. Orðin „og nemendur í 8.–10. bekk“ í 2. málsl. 4. mgr. falla brott.
- f. Orðið „grímuskyldu“ í 3. málsl. 4. mgr. fellur brott.

4. gr.

3. málsl. 2. mgr. 5. gr. fellur brott.

5. gr.

Á eftir orðunum „Heimilt er að“ í 8. mgr. 6. gr. kemur: hafa opin lestrarrými og.

6. gr.

Á eftir orðunum „Heimilt er að“ í 6. mgr. 7. gr. kemur: hafa opin lestrarrými og.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 8. desember 2020.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.